



Samantekt

14. nóvember 2016

Samantektin er í fimm hlutum sem merktir eru með bókstöfunum A-E. Hver hluti samanstendur af upplýsingaliðum sem eru númeraðir frá A.1-E.7.

Samantektin er útbúin í samræmi við viðauka XXII við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 809/2004 með síðari breytingum. Samantektin inniheldur alla þá upplýsingaliði sem fram skulu koma í samantekt skv. fyrrgreindri reglugerð fyrir lýsingar sem unnar eru í samræmi við viðauka I og III við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 809/2004, sem varðar lágmarkskröfur um upplýsingar sem koma eiga fram í lýsingu fyrir hluti. Númeraröð upplýsingaliðanna getur verið slitin, ástæða þess er að ekki er gerð krafa um birtingu ákveðinna upplýsingaliða í samantekt vegna lýsinga sem unnar eru í samræmi við viðauka I og III.

Þrátt fyrir að samantektin skuli innihalda tiltekinn upplýsingalið þá er mögulegt að upplýsingaliðurinn eigi ekki við í tilviki útgefanda og þeirra verðbréfa sem lýsingin tekur til. Í því tilviki er sett inn í samantektina stutt lýsing á upplýsingaliðnum ásamt textanum „á ekki við“.

## A. Inngangur og fyrirvarar

Upplýsingaliður	Upplýsingakrafa	Upplýsingar
A.1	Fyrirvari	<p>Samantekt þessa skal lesa sem kynningu á lýsingu Skeljungs hf. (Hér eftir „Skeljungur“, „útgefandi“ eða „félagið“) sem samanstendur af þessari samantekt, verðbréfalýsingu og útgefandalýsingu dagsettum 14. nóvember 2016.</p> <p>Fjárfestar skulu taka ákvörðun um fjárfestingu í hlutabréfum útgefnum af Skeljungi á grundvelli upplýsinga í lýsingunni í heild sinni.</p> <p>Ef farið er fyrir dómstóla með kröfu er varðar upplýsingar í lýsingunni, gæti stefnandi þurft að bera kostnað af þýðingu lýsingarinnar áður en málarekstur hefst.</p> <p>Einstaklingar og lögaðilar sem útbúið hafa samantektina, þ.m.t. þýðingu á henni, og sóttu um staðfestingu á samantektinni hjá Fjármálaeftirlitinu, geta sætt skaðabótaábyrgð skv. almennum reglum þar að lútandi en þó einungis ef samantektin er villandi, ónákvæm eða í ósamræmi við aðra hluta lýsingarinnar, eða ef samantektin, lesin ásamt öðrum hlutum lýsingarinnar veitir fjárfestum ekki lykilupplýsingar til þess að hjálpa þeim við að meta hvort fjárfesta eigi í slíkum verðbréfum.</p>
A.2	Heimiluð notkun lýsingarinnar	<p>Útgefandi lýsir því yfir að lýsing sú sem samantekt þessi er hluti af var sett saman í tengslum við almennt útboð á hlutum í Skeljungi hf. og tóku þeirra til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði Nasdaq Iceland. Lýsinguna má einvörðungu nota í þeim tilgangi að veita fjárfestum upplýsingar um félagið, starfsemi þess og fjárhagsstöðu í tengslum við framangreint. Ekki er veitt leyfi til notkunar lýsingarinnar í neinum öðrum tilgangi.</p>

## B. Útgefandi

Upplýsinga- liður	Upplýsingakrafa	Upplýsingar												
B.1	Lögformlegt heiti og viðskiptaheiti	Lögformlegt heiti útgefanda er Skeljungur hf. og viðskiptaheiti félagsins er Skeljungur.												
B.2	Lögheimili og félagafarm	Borgartún 26, 105 Reykjavík, Ísland. Skeljungur er hlutafélag og starfar samkvæmt lögum nr. 2/1995 um hlutafélög.												
B.3	Starfsemi	<p>Skeljungur er olúfélag og er tilgangur félagsins skv. samþykktum verslun með bensín, olíur og annan skyldan varning, svo og hverskonar viðskipti með aðrar vörur, bæði í smásölu og heildsölu. Ennfremur lánastarfsemi, rekstur fasteigna, skipa, þjónustustöðva og annar atvinnurekstur, eða þátttaka í atvinnustarfsemi, samkvæmt ákvörðun stjórnar. Félagið starfar á tveimur landfræðilegum mörkuðum, á Íslandi og í Færeyjum.</p> <p>Skeljungur er eigandi fjögurra dótturfélaga stærst hverra er Magn sem starfar í Færeyjum. Að auki er um að ræða Tollvörugeymslu Skeljungs ehf., Bensínorkuna ehf. og Íslenska Vetrnisfélagið ehf. Hin tvö síðartöldu hafa litla sem enga eiginlega starfsemi.</p> <p>Hlutverk Skeljungs er að þjóna orkupörf einstaklinga og fyrirtækja á hagkvæman og öruggan máta í sátt við umhverfi sitt. Meginverkefni Skeljungs er að hámarka virði og þægindi til viðskiptavina með ánægðu starfsfólki þar sem öryggi og framþróun eru höfð að leiðarljósi.</p>												
B.4a	Upplýsingar um þekktu þróun sem hefur nýlega haft veruleg áhrif á útgefandann og atvinnugrein hans	Á ekki við												
B.5	Skipulag	<p>Samstæða Skeljungs samanstendur af móðurfélaginu, færeyska dótturfélaginu P/F Magn, auk íslensku dótturfélaganna Bensínorkunnar ehf., Tollvörugeymslu Skeljungs ehf. og Íslenska Vetrnisfélagsins ehf.</p> <p>Hlutdeildarfélag Skeljungs eru fjögur: Vegsauki ehf. (50%), Fjölver ehf. (33,3%), EAK (33,3%) og EBK (25%).</p>												
B.6	Stærstu hluthafar	Hluthafar Skeljungs m.v. 14. nóvember 2014 eru:												
<table border="1"> <thead> <tr> <th>Hluthafi</th> <th>Nafnverð hlutfjár</th> <th>Hlutfallsleg eign</th> </tr> </thead> <tbody> <tr> <td>SF IV slhf.</td> <td>2.099.582.120</td> <td>99,99%%</td> </tr> <tr> <td>SF IV GP ehf.</td> <td>1</td> <td>0,01%%</td> </tr> <tr> <td><b>Samtals</b></td> <td><b>2.099.582.120</b></td> <td><b>100%</b></td> </tr> </tbody> </table>			Hluthafi	Nafnverð hlutfjár	Hlutfallsleg eign	SF IV slhf.	2.099.582.120	99,99%%	SF IV GP ehf.	1	0,01%%	<b>Samtals</b>	<b>2.099.582.120</b>	<b>100%</b>
Hluthafi	Nafnverð hlutfjár	Hlutfallsleg eign												
SF IV slhf.	2.099.582.120	99,99%%												
SF IV GP ehf.	1	0,01%%												
<b>Samtals</b>	<b>2.099.582.120</b>	<b>100%</b>												

Hluthafar Skeljungs eru tveir. Jafn atkvæðaréttur fylgir öllum hlutum í félaginu. Útgefanda er ekki kunnugt um að félagið sé beint eða óbeint í eigu eða yfirráðum annarra aðila en nefndir eru að framan.

Bent er á að fyrir útboðið mun SF IV lækka hlutafé sitt með afhendingu þeirra hluta sinna í Skeljungi, sem ekki verða seldir af SF IV í útboðinu, til einstakra hluthafa í SF IV og verða þeir þannig eftirleidis í beinni eigu hluthafa SF IV.

20 stærstu hluthafar SF IV m.v. 14. nóvember 2016, þ.e. fyrir afhendingu hluta í Skeljungi til hluthafa í SF IV, voru sem að neðan segir:

<b>Hluthafi</b>	<b>Hlutfallsleg eign</b>
SÍA II hf.	24,22%
Arion banki hf.	12,92%
Gildi – Lífeyrissjóður	9,30%
PB1 ehf.	8,18%
LSR A-deild	7,07%
Stefnir - ÍS 5	4,65%
Draupnir – Sigla ehf.	4,00%
Festa lífeyrissjóður	3,49%
Stapi lífeyrissjóður	3,49%
LSR B-deild	3,26%
Söfnunarsj. Lífeyrisréttinda lífeyrissjóður	2,90%
Stefnir – Samval	2,67%
Vátryggingafélag Íslands hf.	1,86%
Mars ehf.	1,78%
Sindrandi ehf.	1,29%
Kaskur ehf.	1,18%
Landstakkur ehf.	1,17%
Sjóvá-Almennar tryggingar hf.	1,16%
ET sjón ehf.	1,01%
Eignaval – Hlutabréf	0,87%
Aðrir (12)	3,49%
<b>Samtals</b>	<b>100%</b>

B.7	Samandregnar fjárhagsupplýsingar	Samandregnar fjárhagsupplýsingar eru úr ársreikningum samstæðu Skeljungs er fyrir árin 2013, 2014 og 2015 og fyrstu 9 mánuði árána 2015 og 2016. Magn var ekki hluti af samstæðureikningi Skeljungs fyrir árið 2013.
-----	----------------------------------	--

**Rekstrarreikningur**

<i>Fjárhæðir eru í millj.kr.</i>	<b>9M 2016</b> Kannað	<b>9M 2015</b> Óendursk.	<b>2015</b> Endurskoðað	<b>2014</b> Endurskoðað	<b>2013</b> Endurskoðað
Sala	36.860	29.453	36.842	40.768	30.780
Kostnaðarverð seldra vara	(31.159)	(24.153)	(30.044)	(36.202)	(26.459)
<b>Framlegð</b>	<b>5.701</b>	<b>5.300</b>	<b>6.798</b>	<b>6.566</b>	<b>4.321</b>
Aðrar tekjur	105	201	236	248	451
Annar rekstrarkostnaður	(3.505)	(3.194)	(4.360)	(4.039)	(2.837)
<b>Rekstr.hagn. f. afskr. og fjárm.l.</b>	<b>2.302</b>	<b>2.307</b>	<b>2.675</b>	<b>2.775</b>	<b>1.934</b>
Virðisrýrnun viðskiptavildar	0	0	0	0	(250)
Afskriftir rekstrarfjármuna	(532)	(547)	(1.843)	(818)	(609)
<b>Rekstrarhagnaður</b>	<b>2.302</b>	<b>1.759</b>	<b>832</b>	<b>1.957</b>	<b>1.075</b>
Hrein fjármagnsgjöld	(399)	(455)	(579)	(729)	(799)
Áhrif hlutdeildarfélaga	2	29	39	11	(7)
<b>Hagnaður fyrir skatta</b>	<b>1.372</b>	<b>1.333</b>	<b>292</b>	<b>1.239</b>	<b>268</b>
Tekjuskattur	(269)	(247)	(18)	(246)	(55)
<b>Hagnaður af áframh. starfsemi</b>	<b>1.104</b>	<b>1.086</b>	<b>273</b>	<b>993</b>	<b>213</b>
Tap af aflagðri starfsemi	0	0	0	(422)	(159)
<b>Hagnaður tímabilsins</b>	<b>1.104</b>	<b>1.086</b>	<b>273</b>	<b>571</b>	<b>55</b>
Þýðingarmunur	(381)	(334)	(368)	(38)	(111)
Þýðingarmunur tekinn í gegnum rekstur	0	(25)	(25)	0	0
<b>Hagnaður tímabilsins</b>	<b>723</b>	<b>727</b>	<b>(119)</b>	<b>533</b>	<b>(57)</b>
Hagnaður á hlut	0,48	0,43	0,11	0,30	0,03

**Efnahagsreikningur**

<i>Fjárhæðir eru í millj.kr.</i>	<b>9M 2016</b> Kannað	<b>2015</b> Endurskoðað	<b>2014</b> Endurskoðað	<b>2013</b> Endurskoðað
<b>Eignir</b>				
Fastafjármunir	13.706	14.012	15.733	11.877
Veltufjármunir	6.400	4.394	5.691	4.566
<b>Eignir samtals</b>	<b>20.106</b>	<b>18.406</b>	<b>21.424</b>	<b>16.443</b>
<b>Eigið fé</b>				
<b>Eigið fé samtals</b>	<b>(7.201)</b>	<b>(7.478)</b>	<b>(8.097)</b>	<b>(5.530)</b>
	<b>2.302</b>	<b>2.675</b>	<b>2.775</b>	<b>1.934</b>
<b>Skuldir</b>				
Langtímaskuldir og skuldbindingar	5.230	5.939	7.750	6.966
Skammttímaskuldir	7.675	4.989	5.577	3.947
<b>Skuldir samtals</b>	<b>12.905</b>	<b>10.928</b>	<b>13.327</b>	<b>10.914</b>
<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>	<b>20.106</b>	<b>18.406</b>	<b>21.424</b>	<b>16.443</b>

## Sjóðstreymisýfirlit

<i>Fjárhæðir eru í millj.kr.</i>	<b>9M 2016</b> Kannað	<b>9M 2015</b> Óendursk	<b>2015</b> Endurskoðað	<b>2014</b> Endurskoðað	<b>2013</b> Endurskoðað
Hreint handbært fé frá rekstri	1.605	1.948	2.535	2.252	784
Fjárfestingarhreyfingar	(769)	(368)	(905)	(283)	(342)
Fjármögnunarhreyfingar	(901)	(1.792)	(1.889)	(1.493)	(965)
<b>(Lækkun) hækkun handbærs fjár</b>	<b>(65)</b>	<b>(212)</b>	<b>(259)</b>	<b>476</b>	<b>(523)</b>
Þýðingarmunur á handbæru fé	(30)	(29)	(22)	(25)	7
<b>Handbært fé í byrjun tímabils</b>	<b>374</b>	<b>655</b>	<b>655</b>	<b>203</b>	<b>718</b>
<b>Handbært fé í lok tímabils</b>	<b>279</b>	<b>414</b>	<b>374</b>	<b>655</b>	<b>203</b>

## Lykiltölur og hlutföll

	<b>9M 2016</b> Kannað	<b>9M 2015</b> Óendursk.	<b>2015</b> Endurskoðað	<b>2014</b> Endurskoðað	<b>2013</b> Endurskoðað
<b>Rekstur</b>					
Meðaltals framlegð	15,5%	18%	18,5%	15,4%	14,0%
EBITDA/framlegð	40,4%	43,5%	39,3%	42,3%	44,7%
EBIT/framlegð	31%	33,2%	12,2%	29,8%	24,9%
Laun og launatengd gjöld/framlegð	28,7%	28,3%	30,5%	29,5%	26,5%
Sölu- og dreifingarkostn./framlegð	24,1%	25%	27,3%	25,8%	32,9%
Rekstrarkostnaður/framlegð	61,5%	60,3%	64,1%	61,5%	65,7%
Arðsemi eiginfjár	20,7%	27,6%	3,6%	9,4%	1,0%
<b>Efnahagur</b>					
Veltufjárlutfall	0.83	0.88	0.88	1.02	1.16
Lausafjárlutfall	0.50	0.48	0.48	0.61	0.55
Hreinar vaxtab. skuldir /EBITDA	2.50	2.46	2.46	2.81	3.88
Eiginfjárlutfall	35,8%	40,6%	40,6%	37,8%	33,6%
Innra virði hlutafjár	3.4	3.0	3.0	3.0	3.1

B.8	Pro forma fjárhagsupplýsingar	Á ekki við
B.9	Rekstraráætlun	Rekstraráætlun Skeljungs fyrir árið 2017 gerir ráð fyrir að EBITDA hagnaður ársins liggi á bilinu 2.650 – 2.850 árið 2016 og liggi á bilinu 2.400 – 2.700 milljónir króna á árinu 2017. Fjárfestingar eru áætlaðar 1.000 milljónir króna á árinu 2016 og liggi á bilinu 750 – 850 milljónir króna á árinu 2017. Þættir sem haft gætu áhrif á áætlunina til lækkunar eru m.a. styrking íslensku krónunnar gagnvart þeirra dönsku, kostnaðarauki, m.a. vegna launaþróunar, aukin samkeppni og samningar um sölu flugeldsneytis. Til hækkunar væru áframhaldandi hagvöxtur og vöxtur í komu ferðamanna til Íslands.
B.10	Fyrirvarar í endurskoðunarskýrslum	Endurskoðendur hafa ekki sett fyrirvara í endurskoðunarskýrslur vegna sögulegra fjárhagsupplýsinga sem settar eru fram í lýsingunni.
B.11	Veltufé	Stjórnarformaður og forstjóri Skeljungs lýsa því yfir að þeir telji veltufé útgefanda nægjanlegt til að uppfylla þarfir félagsins til næstu tólf mánaða frá dagsetningu lýsingar þessarar.

## C. Verðbréfin

Upplýsingaliður	Upplýsingakrafa	Upplýsingar
C.1	Tegund og flokkur verðbréfa sem boðin verða til sölu í útboðinu og óskað hefur verið eftir að tekin verði til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði	Verðbréf til sölu í útboðinu eru þegar útgefnir hlutir í Skeljungu. Stjórn félagsins hefur óskað eftir töku allra útgefinna hluta í Skeljungu til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf. Hlutirnir eru í einum flokki og eru allir jafnrétt háir sbr. samþykktir félagsins.  Hlutirnir eru gefnir út í samræmi við lög nr. 2/1995 um hlutafélög. Hlutirnir eru rafrænt skráð nafnbref hjá Nasdaq verðbréfamiðstöð hf. og er auðkenni þeirra SKEL og ISIN númer IS0000000503.
C.2	Gjaldmiðill verðbréfanna	Íslenskar krónur
C.3	Fjöldi hluta	Útgefnir hlutir í Skeljungu eru 2.099.582.121. Hver hlutur er ein króna að nafnvirði. Allir útgefnir hlutir í félaginu eru greiddir og teljast þeir allir til hlutafjár.
C.4	Réttindi	Allir hlutir í félaginu eru jafn rétt háir og engin sérréttindi fylgja þeim. Hluthafar hafa eitt atkvæði fyrir hvern einnar krónu hlut sem þeir eiga í félaginu. Réttindi hluthafa eru háð samþykktum félagsins á hverjum tíma sem og gildandi löggjöf.
C.5	Hömlur á meðferð hluta	Engar hömlur eru á meðferð hluta í félaginu. Um framkvæmd eigendaskipta fer skv. lögum nr. 131/1997 um rafræna eignarskráningu verðbréfa með áorðnum breytingum sem og þeim reglum sem settar hafa verið á grundvelli þeirra.
C.6	Taka hlutanna til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði	Stjórn Skeljungs hefur óskað eftir að allir útgefnir hlutir í félaginu verði teknir til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf.
C.7	Arðgreiðslustefna	Stefnt skal að því að fjárhæð sem nemur á bilinu 30-50% af hagnaði sé skilað til baka til hluthafa í formi arðgreiðslna eða endurkaupa á hlutum árlega. Forsendur arðgreiðslu eru að félagið haldist fjárhagslega sterkt m.a. með tilliti til lausafjár sem og að allir skilmálar fjármögnunarsamninga félagsins heimili slíka útgreiðslu. Arðgreiðslur og endurkaup hlutabréfa skulu lúta lögum og reglugerðum sem ná til íslenskra hlutafélaga hverju sinni.  Greiddur var arður fyrir árin 2013 og 2014. Hlutfé var lækkað árið 2015, en þá var ekki greiddur arður. Hlutfé var aftur lækkað árið 2016 en ekki er reiknað með að lögð verði fram tillaga um greiðslu arðs fyrir árið 2016.

## D. Áhættuþættir

Upplýsinga- liður	Upplýsingakrafa	Upplýsingar
D.1	Helstu áhættuþættir tengdir útgefanda eða þeirri atvinnugrein er hann starfar innan	<p><b>Atvinnugreinar- og rekstraráhætta</b></p> <p>Skeljungur býr við almenna rekstraráhættu líkt og önnur félög. Slík áhætta getur tengst mismunandi þáttum í rekstri þess og getur valdið félaginu beinu og óbeinu tapi. Dæmi um þessa þætti eru umhverfis- og öryggisþættir, rekstur upplýsingakerfa, starfsmannahald, orðspor félagsins eða ef stefna félagsins eða áætlanir ganga ekki eftir. Ennfremur eru rekstrarfjármunir félagsins dýrir og flóknir og því er félagið viðkvæmt fyrir bilunum eða stöðvun starfsemi þeirra.</p> <p>Skeljungur starfar innan atvinnugreinar sem ber sértæka áhættu er tengist eftirspurn og verði á olíu á heimsmarkaði, eftirspurn og framboði á endurnýjanlegum orkugjöfum og nauðsynlegum leyfum fyrir starfsemi og staðsetningu bensínstöðva.</p> <p>Breytingar á lögum, reglugerðum, reglum og stjórnvaldsfyrirmælum geta haft áhrif á starfsemi, afkomu og virði hluta í Skeljungu. Dæmi um slíkt væru hertar reglur hvað varðar brennslu eldsneytis eða auknar kröfur um notkun umhverfisvænni orkugjafa, afturköllun eða synjun á endurnýjun leyfa varðandi rekstur birgðastöðva eða bensínstöðva sem og auknar kröfur um mengunarvarnir.</p> <p><b>Fjárhagsleg áhætta</b></p> <p>Skeljungur ber margvíslega fjárhagslega áhættu í starfsemi sinni. Helstu áhættur eru olíuverðsáhætta, gengisáhætta, vaxta- og fjármögnunaráhætta, láns-áhætta, verðbólguáhætta, váttryggingaráhætta og skattaleg áhætta.</p> <p><b>Lagaleg áhætta</b></p> <p>Starfsemi Skeljungs er háð margvíslegum sérlögum hvað varðar m.a. mengunarvarnir, öryggismál og hollustuhætti. Þá hefur Samkeppniseftirlitið nýlega lokið við gerð frummatsskýrslu um olíumarkaðinn á Íslandi og er reiknað með að endanleg niðurstaða stofnunarinnar liggja fyrir öðru hvor megin við áramótin 2016/2017.</p> <p>Samkeppniseftirlitið í Færeyjum birti einnig nýlega skýrslu um færeyska olíumarkaðinn. Engin tímalína liggur fyrir um lokaafgreiðslu þess um skýrsluna eða möguleg inngríp í tengslum við hana.</p> <p>Skeljungur og Magn mótmæla harðlega þeim forsendum, og þar með niðurstöðum, sem gefnar eru í skýrslunum tveimur og hafa sent andmæli sín við efni þeirra til viðkomandi samkeppnisyfivalda.</p>
D.3	Helstu áhættuþættir tengdir hlutabréfum í útgefanda	<p><b>Almenn áhætta hlutabréfa</b></p> <p>Fjárfesting í hlutabréfum er að öllu jöfnu talin áhættumeiri en fjárfesting í skuldabréfum. Hlutabréf eru aftast í kröfuröð við slit eða gjaldþrot hlutafélaga sem þýðir að eigendur hlutabréfa fá greitt í hlutfalli við</p>



		<p>hlutafjäreign sína af því sem eftir stendur þegar allir aðrir kröfuhafar hafa fengið greitt í samræmi við löglega lýstar og gildar kröfur.</p> <p><b>Eignarhald Skeljungs</b></p> <p>Samsetning eigendahóps Skeljungs getur falið í sér áhættu fyrir fjárfesta og hafa ber í huga að eignarhald félagsins getur breyst bæði hratt og án fyrirvara.</p> <p><b>Markaðsáhætta hlutabréfa í Skeljungu</b></p> <p>EKKI er hægt að fullyrða með neinni vissu um þróun gengis hlutabréfa í Skeljungu í framtíðinni. Flökt á gengi hlutabréfanna gæti meðal annars verið háð almennu framboði og eftirspurn eftir hlutabréfum.</p> <p><b>Seljanleikaáhætta hlutabréfa í Skeljungu</b></p> <p>Gera verður ráð fyrir að seljanleiki hlutabréfa í Skeljungu og markaðsverð geti breyst í takti við breytingar á markaðsaðstæðum, hagsveiflu, fjárhagslegri afkomu og öðrum þáttum sem almennt hafa áhrif á markaðsverð hlutabréfa sem og seljanleika þeirra. Niðurstöður almenns útboðs Skeljungs, sem fyrirhugað er dagana 28. til og með 30. nóvember 2016 hefur að einhverju leyti áhrif á þessa áhættu.</p> <p>Seljanleikaáhætta verður að einhverju leyti milduð með samningum sem Skeljungur mun gera um viðskiptavakt með hlutabréfin.</p> <p><b>Þynning</b></p> <p>Hluthafar hafa forgangsrétt að aukningu á hlutum í hlutfalli við skráða hlutaeign sína hafi þeir ekki fallið frá honum á hluthafafundi. Verði hlutafé Skeljungs aukið með útgáfu nýrra hlutabréfa minnkar hlutfallsleg eign þeirra sem fyrir eiga hlutabréf í félaginu, kjósi þeir að taka ekki þátt í aukningunni.</p>
--	--	--

## E. Útboðið

Upplýsingaliður	Upplýsingakrafa	Upplýsingar
E.1	Stærð útboðs og kostnaður lagður á fjárfesta	<p>Boðnir eru til sölu samtals 493.401.798 hlutir í Skeljungu en jafnframt er áskilinn réttur til að stækka útboðið um sem nemur allt að 167.966.570 hlutum til viðbótar.</p> <p>Hvorki útgefandi, seljandi, né umsjónaraðilar útboðsins og töku hlutanna til viðskipta munu leggja kostnað á fjárfesta í tengslum við þátttöku þeirra í útboðinu.</p>
E.2a	Tilgangur útboðs, notkun ágóðans og áætlað nettósöluandvirði	<p>Markmið útboðsins er að gera Skeljungu kleift að uppfylla skilyrði Nasdaq Iceland hf. um dreifingu hlutabréfa sem tekin eru til viðskipta á Aðalmarkaði. Góð dreifing bréfanna mun stuðla að auknum seljanleika þeirra á eftirmarkaði og fjölbreyttari hluthafahópi. Að auki líta seljendur til þess að selja hlutabréf í félaginu á sem hægstæðustu verði.</p>

		M.v. sölu allra hluta á lágmarksverði er fjárhæð útboðsins kr. 3.010 milljónir. Ef til fullrar stækkunar á útboðinu kemur mun fjárhæð útboðsins að lágmarki verða kr. 4.034 milljónir.
E.3	Skilmálar og skilyrði útboðsins	<p>Útboð Skeljungs sem lýsing þessi tekur til er almennt útboð í skilningi 1. tl. 43. gr. laga nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti.</p> <p>Seljandi mun falla frá útboðinu ef Nasdaq Iceland hafnar umsókn útgefanda um að hlutabréf í Skeljungu hf. verði tekin til víðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland eða samþykkir hana ekki í síðasta lagi 8. desember 2016. Seljandi áskilur sér jafnframt rétt til að fresta útboðinu, framlengja það eða falla frá því hvenær sem er fram að tilkynningu Nasdaq Iceland hf. um að hlutabréf í útgefanda verði tekin til víðskipta, ef einhverjir atburðir eiga sér stað sem seljandi telur gefa tilefni til þess að ætla að markmið seljanda með útboðinu náist ekki, svo sem eitthvað sem varðar útboðið sjálft, útgefandann eða seljanda, neikvæð þróun á efnahagsumhverfi eða verðbréfamarkaði á Íslandi.</p> <p><b>Áskriftartímabil</b></p> <p>Útboðið hefst kl. 12.00 þann 28. nóvember 2016 og lýkur kl. 16.00 þann 30. nóvember 2016. Ekki verður tekið við áskriftum utan þess tímabils.</p> <p><b>Útgefandi:</b></p> <p><i>Skeljungur hf., kt., 520269-1749</i>  <i>Borgartúni 26,</i>  <i>105 Reykjavík</i></p> <p><b>Seljandi:</b></p> <p><i>SF IV slhf., kt. 691211-2150</i>  <i>Borgartúni 19,</i>  <i>105 Reykjavík</i></p> <p>Verði heimild til stækkunar útboðsins nýtt munu eftirtaldir aðilar einnig falla undir skilgreiningu á seljanda í lýsingunni:</p> <p><i>Arion banki hf., kt. 581008-0150</i>  <i>Borgartúni 19,</i>  <i>105 Reykjavík</i></p> <p><i>SÍA II slhf., kt. 550512-2620</i>  <i>Borgartúni 19,</i>  <i>105 Reykjavík</i></p> <p><b>Umsjónaraðili með töku hlutabréfa í Skeljungu til víðskipta</b></p> <p><i>Fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka hf., kt. 491008-0160,</i>  <i>Kirkjusandi 2,</i>  <i>155 Reykjavík</i></p> <p><b>Umsjónaraðili almenns útboðs á hlutum í Skeljungu</b></p> <p><i>Fyrirtækjaráðgjöf Arion banka, kt. 581008-0150</i>  <i>Borgartúni 19,</i>  <i>105 Reykjavík</i></p> <p><b>Verð og skipting útboðs</b></p> <p>Fjárfestum eru boðnar tvær áskriftarleiðir, tilboðsbók A og tilboðsbók B.</p> <p><i>Tilboðsbók A:</i> Samtals 246.700.899 hlutir, eða 11,75% hluta í útgefanda, eru boðnir til kaups í tilboðsbók A. Þar er tekið við áskriftum að andvirði frá 100.000 kr. til 10.000.000 kr. og á verðbilinu 6,1 – 6,9 kr./hlut, en öllum hlutum sem seldir</p>

		<p>verða í tilboðsbók A verður úthlutað á sama verði sem verður á framangreindu verðbili.</p> <p><i>Tilboðsbók B:</i> Samtals 246.700.899 hlutir, eða 11,75% hluta í útgefanda, eru boðnir í tilboðsbók B. Þar er tekið við áskriftum að andvirði yfir 10.000.000 kr. og stærð áskriftar einungis takmörkuð af framangreindu framboði í þessari tilboðsbók. Þar er tekið við áskriftum sem eru að lágmarki á verðinu 6,1 kr./hlut. Öllum hlutum sem seldir verða í tilboðsbók B verður úthlutað á sama verði sem verður hærra eða jafnt framangreindu lágmarksverði. Áskriftum þar sem lægra hámarksgengi er tilgreint verður því hafnað.</p> <p>Seljandi áskilur sér rétt til að gera breytingar á framangreindri skiptingu milli tilboðsbóka A og B hvað varðar heildarstærð hverrar tilboðsbókar. Þá er áskilinn er réttur til að stækka útboðið um sem nemur allt að 167.966.570 hlutum í Skeljungu eða um því sem nemur 8% af heildar útgefnu hlutafé. Ákvörðun um slíka stækkun verður tekin við úthlutun eftir að SF IV hefur úthlutað þeim hlutum sem hann mun selja í útboðinu. Komi til stækkunar útboðsins verða seljendur þeirrar stækkunar Arion banki hf. og SÍA II slhf.</p> <p><b>Skilyrði fyrir þátttöku</b></p> <p>Útboðið er markaðssett á Íslandi. Þátttaka í útboðinu er heimil öllum aðilum sem hafa íslenska kennitölu, að því gefnu að viðkomandi aðili sé fjárráða og hafi forræði bús síns og með þeim takmörkunum sem kunna að leiða af lögum. Erlendum aðilum er heimil þátttaka í útboðinu í samræmi við undanþágu í 19. gr. reglna nr. 862/2016 enda uppfylli þeir þau skilyrði sem þar eru tilgreind auk allra annarra almennra skilyrði til þátttöku sbr. hér að framan.</p> <p><b>Skráning áskrifta</b></p> <p>Áskriftir skal skrá rafrænt á sérstöku áskriftarformi (áskriftarvef) sem nálgast má í gegnum vef umsjónaraðila útboðsins, <a href="http://www.arionbanki.is">www.arionbanki.is</a>. Til að skila áskrift verður fjárfestir að skrá sig inn á vefinn með einni af eftirtöldum leiðum:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>&gt; með rafrænum skilríkjum á farsíma;</li> <li>&gt; með aðgangsauðkennum sínum að netbanka Arion banka hf.;</li> <li>&gt; með lykilorði sem hann óskar eftir á áskriftarvefnum og verður sent í netbanka hans eða;</li> <li>&gt; með lykilorði sem nálgast má hjá söluaðila gegn staðfestingu</li> </ul> <p>Rafræn staðfesting á áskriftarvef er forsenda gildrar sönnunar á áskrift. Allar áskriftir eru bindandi fyrir fjárfesta. Seljandi og umsjónaraðili útboðs áskilja sér rétt til að krefjast staðfestingar á greiðslugetu og/eða tryggingar fyrir greiðslu frá fjárfestum með áskrift að kaupverði 10 milljónir kr. eða hærra.</p> <p><b>Áskriftir fjármálastofnana sem sinna eignastýringu</b></p> <p>Fjármálastofnunum sem sinna eignastýringu, skv. c. lið 6. tl. 3.gr. í lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki er heimiluð ákveðin undantekning hvað varðar áskriftir og áskriftarform í tilboðsbók A. Þeim er gefinn kostur á að skila áskrift fyrir hönd fjárfestis á sérstöku áskriftarformi sem nálgast má hjá umsjónaraðila.</p>
--	--	---

### **Skerðing áskrifta og úthlutun**

Komi til þess að áskriftir sem borist hafa jafngildi fleiri hlutum en þeim sem boðnir eru til sölu í útboðinu kemur til skerðingar á áskriftum og verður úthlutun í höndum seljanda.

- Í tilboðsbók A verður öllum áskriftum þar sem hámarksverð er undir endanlegu útboðsgengi hafnað og engin úthlutun mun eiga sér stað til þeirra aðila. Komi til skerðingar verður leitast við að skerða ekki áskriftir að fjárhæð 500.000 kr. að kaupverði og lægri. Að öðru leyti verður skerðing hlutfallsleg.
- Í tilboðsbók B verða áskriftir sem eru á eða yfir útboðsgengi samþykktar, þó þannig að ef umframeftirspurn verður í þessum hluta útboðsins verða áskriftir skertar. Við skerðingu í tilboðsbók B verða áskriftir metnar á grundvelli verðs. Áskriftir á útboðsgengi verða skertar hlutfallslega með tilliti til fjárhæðar áskrifta á því gengi.

Seljandi áskilur sé þó rétt til að haga úthlutun með þeim hætti sem best mætir markmiðum hans með útboðinu og mun ekki veita frekari upplýsingar eða rökstuðning fyrir ákvörðun sinni.

### **Niðurstöður útboðs**

Reiknað er með að niðurstöður útboðsins verða gerðar opinberar á evrópska efnahagssvæðinu þann 1. desember 2016.

### **Tilkynning um úthlutun, greiðslu og afhendingu hluta**

Reiknað er með að fjárfestar muni fá sendar upplýsingar um úthlutun ásamt greiðslufyrirmælum í tölvupósti þann 2. desember 2016. Upplýsingarnar verða sendar á það tölvupóstfang sem fjárfestar gefa upp við skráningu á áskrift sinni og ber fjárfestir sjálfur ábyrgð á því tölvupóstfang sé rétt tilgreint við skráningu áskriftar sinnar og að tölvupóstfangið sé til þess bært að móttaka upplýsingar um úthlutun ásamt greiðslufyrirmælum.

Greiðslufyrirmæli verða í formi rafrænna innheimtukrafna sem aðgengilegar verða í netbönkum. Ekki verða sendir greiðsluseðlar með bréfpósti. Gjaldalagi og eindagi innheimtukrafna vegna útboðsins verður 7. desember 2016.

Komi til þess að einhverjar innheimtukröfur verði ógreiddar að eindaga liðnum hefur seljandi sjálfðæmi um hvort slíkar kröfur verði felldar niður og áskriftir og úthlutanir tengdar þeim þá ógiltar. Seljandi getur þó einnig ákveðið að slíkar kröfur verði ekki felldar niður heldur innheimtar með fullnægjandi hætti í samræmi við meginreglur íslensks samninga- og kröfuréttar, að viðbættum dráttarvöxtum, sbr. lög nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, og innheimtukostnaði. Verði innheimtukröfurnar felldar niður, sem og áskriftir og úthlutanir tengdar þeim, er seljanda frjálst að halda eftir þeim hlutum sem ekki hefur borist greiðsla fyrir eða selja ógreidda hluti til þriðja aðila á hvaða verði sem seljandi kýs. Yrði það niðurstaðan munu engar frekari tilkynningar þar um verða gerðar opinberar, þó með þeim takmörkunum sem leiða af lögum.

Afhending hluta fer fram í fyrsta lagi þann 8. desember 2016 að undangenginni greiðslu samkvæmt greiðslufyrirmælum. Hafi Nasdaq Iceland ekki samþykkt umsókn útgefanda um töku hlutabréfanna til viðskipta fyrir 8. desember 2016 verður útboðið ógilt, allar áskriftir felldar niður og verður þá

		ekkert af afhendingu hluta til fjárfesta. Komi til þessa verður tafarlaust haft samband við þá fjárfesta sem greitt hafa greiðsluseðla og þeim endurgreitt.
E.4	Hugsanlegir hagsmunaárekstrar	<p>Athygli er vakin á neðangreindum hagsmunum Íslandsbanka og Arion banka vegna Skeljungs.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>▪ Fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka hefur umsjón með fyrirhugaðri töku hlutabréfa Skeljungs til viðskipta á Aðalmarkaði Kauphallarinnar og fær greidda þóknun fyrir þá þjónustu frá útgefanda.</li> <li>▪ Gjaldeyrismiðlun Íslandsbanka veitir Skeljungi þjónustu á sviði gjaldeyriskaupa og sölu.</li> <li>▪ Fyrirtækjaráðgjöf Arion banka er umsjónaraðili með almennu hlutafjárútboði Skeljungs og felur það m.a. í sér gerð verðmats, gerð og framkvæmd fjárfestakynninga, umsjón með framkvæmd útboðsins og uppgjör viðskipta. Fyrirtækjaráðgjöf Arion banka þiggur þóknun fyrir framangreint úr hendi SF IV.</li> <li>▪ Fyrirtækjasvið Arion banka er lánveitandi Skeljungs og veitir félaginu almenna bankaþjónustu.</li> <li>▪ Arion banki á 14,715% hlut í SF IV bæði beint (12,9%) og óbeint í gegnum eignarhlut sinn í SÍA II slhf. SÍA II er stærsti einstaki hluthafinn í SF IV.</li> <li>▪ Arion banki og SÍA II eru hugsanlegir seljendur í almennu útboði Skeljungs.</li> <li>▪ Hvorki Íslandsbanka né Arion banka ber skylda til að meta né hefur metið hvort þátttaka í hlutafjárútboði Skeljungs, sem fram fer dagana 28. til og með 30. nóvember 2016, sé viðeigandi fyrir þá fjárfesta sem óska þess að taka þátt í útboðinu. Fjárfestar njóta ekki verndar skv. 16. gr. vvl. í tengslum við þátttöku sína í útboðinu.</li> </ul> <p>Í samræmi við 8. gr. vvl. hafa Íslandsbanki og Arion banki sett sér reglur um hagsmunaárekstra. Fjárfestum er bent á að kynna sér reglurnar sem er að finna á vefslóðunum <a href="http://islandsbanki.is/library/Skrar/hagsmunareglur.pdf">http://islandsbanki.is/library/Skrar/hagsmunareglur.pdf</a>. og <a href="https://www.arionbanki.is/library/Skrar/Bankinn/Stjornarhaettir/Reglur-og-skilmalar/Hagsmunaarekstrar/2011-11-15__Hagsmuna%C3%A1rekstrar.pdf">https://www.arionbanki.is/library/Skrar/Bankinn/Stjornarhaettir/Reglur-og-skilmalar/Hagsmunaarekstrar/2011-11-15__Hagsmuna%C3%A1rekstrar.pdf</a></p>
E.5	Seljandi og söluhömlur	<p>Seljandi í útboðinu er SF IV slhf. Verði heimild til stækkunar útboðsins nýtt munu seljendur viðbótarbréfanna verða Arion banki og SÍA II.</p> <p>Ekki verða fyrir hendi söluhömlur á hlutum neinna hluthafa í félaginu þegar þeir verða teknir til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland.</p>
E.6	Þynning	Útboðið snýr eingöngu að þegar útgefnum hlutum í Skeljungi og því mun ekki koma til þynningar á eignarhlutum í tengslum við sölu.
E.7	Kostnaður fjárfesta	Hvorki útgefandi, seljandi né umsjónaraðili munu leggja kostnað á fjárfesta vegna sölu bréfanna eða töku þeirra til viðskipta.